



Söfnunarstefna Landbúnaðarsafns Íslands 2024-2027

Hlutverk

Hlutverk Landbúnaðarsafns Íslands ses. er að gera skil sögu og þróun íslensks landbúnaðar með því að varðveita gögn, gripi og aðrar minjar um hana, og annast rannsóknir og fræðslu um viðfangsefnið. (*skv. 1. mgr. 3. gr. stofnskrár samþ. 14. febr. 2007*).

Áherslusvið Landbúnaðarsafns er búið sem framleiðslueining og umhverfi þess (sveitin). Ennfremur heimilið að því marki sem varðar vinnslu og meðferð afurða búans. Tengdum sviðum, svo sem iðnvæddri úrvinnslu, flutningum og samgöngum, svo og félagslegu umhverfi, er sinnt í þeim mæli sem viðráðanlegur er. Samráð og samvinnu skal hafa við Þjóðminjasafn Íslands og aðra [opinbera] aðila er annast minjavernd og –vörslu í landinu, þ.m.t. byggðasöfn.

Forsaga – Bakgrunnur

Forverar safnsins, Búvélasafnið og þar áður Verkfærasafn, voru hin dæmigerðu gripasöfn. Velvildarmenn höfðu fært safninu einstaka gripi eða smásöfn þeirra, þar sem gripurinn sjálfur var hið sögulega verðmæti. Svo hraðfara voru breytingarnar að nánast flest sem til gamalla véla og verkfæra taldist hafði sögulegt gildi í einhverjum skilningi. Um söfnun á grundvelli sögulegra rannsókna var vart að ræða. Miklu réði að um væri að ræða „fyrsta tækið“ eða „eina tækið“ sem til landsins kom; líka að mennildu varðveita traktorinn „sinn“ eða „hans NN.“ Engin ástæða er til þess að kasta rýrð að þessum söfnunarháttum því þeir hafa skilað safninu verðmætum gripum og góðvild og framsýni gefendanna/ safnaranna á safnið tilvist sína að mestu leyti að þakka.

Árið 1999 naut Búvélasafnið aðstoðar Þórs Magnússonar þáv. Þjóðminjavarðar við að setja saman drög að söfnunarstefnu. Varð hún til þess að skerpa meginstefnu safnsins auk þess að gera aðrætti markvissari sem og mat á þeim gripum sem safninu voru boðnir. Þeirri stefnu hefur verið fylgt í helstu atriðum þótt áfram hafi borist gripir að frumkvæði gefenda.

Vegna rýmis og kostnaðar af ýmsu tagi er hins vegar ljóst að munasöfnun ein dugir ekki til þess að gera landbúnaðarsöguna sýnilega. Hér þarf að fylgja fordæmi landbúnaðarsafna og nýta fleiri leiðir til minjasöfnunar og –vörslu. Í eftirfarandi línum er m.a. stuðst við leiðbeiningar danska landbúnaðarsafnsins: *Kassations- og indsamlingspolitik samt strategi for dokumentation på Dansk Landbrugsmuseum, Gl. Estrup* eftir Jens Aage Søndergaard, museumsinspektør þar (2007).

Söfnunarstefna Landbúnaðarsafns Íslands

Íslensku munasöfnin, t.d. byggðasöfnin, geyma marga gripi sem tilheyrðu bústörfum eldri tíma. Hið sama á við höfuðsafnið, Þjóðminjasafn Íslands. Engin ástæða er til þess að Landbúnaðarsafn sinni þeim verkþætti sérstaklega en leiti fremur eftir samstarfi við þessa aðila um munalán vegna sýninga, rannsókna ofl. Hins vegar er hlutverk Landbúnaðarsafns á svið hins tæknivæddari landbúnaðar sem einkum kemur til sögu í kringum fyrri aldamót. Leitast verði við að fylgja þar sömu stefnu og t.d. Dansk landbrugsmuseum hefur lýst þannig:

indsamlingen på Dansk Landbrugsmuseum [skal] i fremtiden være styret af forskning og undersøgelser. Det skal forstås således, at i forbindelse med forskningsprojekter, som ligger inden for de arbejdsområder, som Dansk Landbrugsmuseum skal genstandsdokumentere, der skal der udarbejde et begrundet liste over genstande, som bør hjemtages til museets samlinger.¹

Með öðrum orðum að reynt verði byggja söfnun og aðrætti sem mest á rannsóknum safnsins innan verksviðs síns. Þannig verði til skrá um þá muni sem mikilvægast er að bjarga undan tímans tönnum. Þótt efni og geta Landbúnaðarsafns bjóði ekki upp á mikið í þessum efnum sýnist hins vegar mega gera stefnu hinna dönsku kollega að viðmiðun þegar vöngum er velt yfir grip sem falur er til safnsins; að þá sé fylgt verkaröðinni:

¹ Lausleg þýðing: Söfnun danska landbúnaðarsafnsins [verður] í framtíðinni að hafa rannsóknir að leiðarljósi. Það túlkast þannig að í tengslum við rannsóknarverkefni sem eru innan þeirra fræðasviða Danska landbúnaðarsafnsins ber að velja gripi inn á safnið eftir faglegri söfnunarstefnu þess.

Ábending um grip >

Rannsókn á sögu gripsins og stöðu hans í sögulegri þróun >

Ákvörðun um töku gripsins >

Forvarsla til varðveislu eða sýningar

Á meðan rannsóknir á vegum Landbúnaðarsafns eru enn takmarkaðar er lagt til að söfnunarstefna þess miði að því að safnið geti sagt meginsögu landbúnaðarins og þá sérstaklega eftir að verktækni tók að breytast til nútímahátta. Þannig verði reynt að afla muna og varðveita sem varpa ljósi á einkennisþætti hennar. Einkum skal því safna munum er falla undir eftirfarandi flokka:

1. **Hestaverkfæri:** til jarðyrkju, heyskapar og flutninga. Hér undir flokkast m.a. aktygi á hesta, plógar, herfi, ávinnslu- og forartæki, hestasláttuvélar, snúnings- og rakstarvélar fyrir hesta, hestakerra, heygrind, heysleði...
2. **Dráttarvélar:** hinar fyrstu gerðir sem hingað fluttust og aðrar sem voru algengastar heimilisdráttarvélar fram um 1980; um yngri gerðirnar gildir strangt úrval þar sem algengi tegundar, umfangsmikil áhrif eða íslenskt hugvit við nýtingu þeirra ráða vali. Áhersla er lögð á að ná mikilvægum verkfærum með dráttarvéluum, sjá hér síðar.
3. **Jarðýtur:** International TD6 og Caterpillar D2 með algengustu fylgihlutum og – verkfærum.
4. **Skurðgröfur:** Priestman Cub (árgerð 1942), viðgerðargálgi...
5. **Verkfæri til jarðræktar, heyskapar og flutninga,** tengd þeim dráttarvéluum sem fyrr eru nefndar, heybindivél og heyhleðsluvagn, einnig rúllubindivél frá fyrsta innflutningsárinu...
6. **Fóðrun og gripahirðing:** Algengustu áhöld, tæki, efni ofl. sem tengjast hirðingu gripa um ársins hring, þar með talið gögn og búnaður vegna skýrsluhalds, heilsugæslu (dýralækningar) ofl.
7. **Vélar og gripir til afurðavinnslu á sveitabýlum:** mjaltavélar með skyldum tækjum, skilvindur, vélstrokkar og aðrar smjörgerðarvélar.
8. **Tóvinnuvélar:** Spunavél (handknúin), rafknúinn spunarokkur, prjónavélar (hringprjónavél og hefðbundin)...samráð haft við Ullarselið á Hvanneyri og önnur byggðasöfn.

9. **Mjólkurvinnsla:** Vélknúin áhöld til mjólkurvinnslu á búunum, frá komu skilvindunnar...mjaltavélar og fulltrúar þeirrar tækni er henni fylgdi...
10. **Efni og aðföng:** Umbúðir og aðrar minjar tilbúins áburðar, sáðvöru, fóðurs og annarra aðfanga landbúnaðarins.
11. **Bílar til búverka:** Willys-jeppi af elstu gerð, sömuleiðis Land-Rover af elstu gerð og búverkfæri er þessum bílum fylgdu.
12. **Innlend landbúnaðarverkfæri og verkfæri sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum og smíðuð af Íslendingum:** innlend hönnun t.d. heyskúffa, heyvagnar og sleðar, súgpurkkunarbúnaður ofl.
13. **Rannsókn-, leiðbeininga og kennslusaga landbúnaðarins:** gögn og hverskonar áhöld er tengjast þekkingarsögu landbúnaðarsins. Samráð haft við LbhÍ og Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins.
14. **Bækur, bæklingar, kyrrar myndir og kvikar, hljóðskrár, handrit** og önnur heimildagögn um búvélar, verkfæri, aðföng og efni, og tæki sem snerta safnmuni og verksvið safnsins. Hvað bækur snertir verði samráð haft við Bókasafn LbhÍ. Varðandi ljósmyndir er samningur þar að lútandi við Þjóðminjasafn Íslands um varðveislu. Um kvikmyndir verði haft samráð við Kvikmyndasafn Íslands.
15. **Veðiðfæri og önnur gögn tengd veiðum í ám og vötnum** bæði lax- og silungsveiðum sem eru hluti af landnýtingu og afkomu í landbúnaði. Munir sem sýna þróun veiðarfæra, aðferða til veiða s.s. búnað eins og fatnað, veiðarfæri, ljósmyndir o.s.frv. Hér koma einnig til greina gripir úr veiðihúsum en um það gildir að strangt úrval sé um slíkt. Íslensk smíði og rannsóknabúnaður í fiskrannsóknnum falla hér einnig undir með ákveðnum skilyrðum.

Þar sem rýmisþörf margra sögulegra gripa er mikil skal leitast við að leysa varðveislubörf þeirra með myndefni, nákvæmum mælingum og lýsingum (skrifuðum, hljóðrituðum, kvikmynduðum), módelgerð, þrívíddargerð ofl eftir því sem fært þykir. Við mat á forgangsrið við varðveislur gripa skal eftir því sem við á styðjast við eftirfarandi matstöflu.

	<i>Staða á sviði safns</i>	<i>Heimildir</i>	<i>Ástand</i>	<i>Til á söfnum</i>	<i>Einkenni</i>
A	miðlæg	ríkulegar	ágætt	aðeins til á LBSÍ	varðveisluvert
B	miðlæg	fremur ríkulegar	sæmilegt	til á öðru safni	varðveisluvert
C	styður aðra gripi	miðlungs	krefst lagfæringa	all algengt	varðveisluvert
D	styður aðra gripi	fáar	krefst mikilla lagfæringa	algengt	algengt
E	utan sviðs	nær engar	slæmt	mjög algengt	algengt
<i>Mat á verðmæti gripa/muna með hliðsjón af förgun, byggt á Söndergaard (2007)</i>					

Í samvinnu við Þjóðminjasafn/Þjóðháttasafn verði leitast við að safna þjóðháttalýsingum á mikilvægum búverkum 20. aldar, einkum hvað snertir jarðrækt, heyöflun, gripahirðingu og fiskveiðar í ám og vötnum. Hvað hestanotkun snertir verði leitað eftir samvinnu við Sögusetur íslenska hestsins.

Stefnt er að því að skrá og vekja athygli á ræktunarminjum, gripahúsum og öðrum staðbundnum minjum landbúnaðarsögunnar, sem sérstaka búnaðarsögulega þýðingu eru taldar hafa, í samráði við hlutaðeigandi vörsluaðila s.s. Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Erfðanefnd landbúnaðarins.

Að hluta byggt á drögum söfnunarstefnu frá 14. maí 1999 sem Bjarni Guðmundsson kennari og Þór Magnússon þjóðminjavörður gerðu fyrir þáverandi Búvélasafn á Hvanneyri og að mestu hefur verið fylgt síðan. Einnig ráðgjöf frá Dansk landbrugsmuseum ofl.

Samþykkt af stjórn safnsins á Hvanneyri, 17.12.2024

Ragnhildur Helga Jónsdóttir, safnstjóri

(RHJ)